

FRAMFARAFÉLAG ÓLAFSFJARÐAR
c/o Ásgeir L. Ásgeirsson

Hlíðarvegi 38,
625 Ólafsfirði,
ÍSLAND.

Bæjarráð Fjallabyggðar,
B.t. formanns; Helgu Helgadóttir,
Gránugötu 24,
580 Siglufirði.

Ólafsfirði, 14.08. 2020.

Ágæta bæjarráð.


Á framhalds- aðalfundi Framfarafélags Ólafsfjarðar ehf., sem haldinn var í húsakynnum MTR miðvikudaginn 12. ágúst sl. var samþykkt ályktun þar þess eðlis að félagið endurnýjaði samkomulag við sveitarfélagið Fjallabyggð um helgun á landsvæði í Ólafsfirði skv. erindi félagsins frá 31.03. 2018, og svarbréf bæjarráðs frá 08.05. 2018, en það samkomulag var til tveggja ára og er því útrunnið núna.

Er það ósk okkar að það verði endurnýjað og að þessu sinni til 5 ára, á meðan verið er að vinna að undirbúningi á mögulegri atvinnustarfsemi á svæðinu á vegum Framfarafélags Ólafsfjarðar ehf.

Ennfremur óskum við eftir að fulltrúar Framfarafélagsins, Þorsteinn Ásgeirsson og Ásgeir L. Ásgeirsson fái að koma á fund bæjarráðs Fjallabyggðar og kynna þá vinnu sem nú fer fram á vegum félagsins, svara fyrirspurnum bæjarfulltrúa um þetta mál og ræða önnur mál þessu tengd.

Með von um jákvæða afgreiðslu á þessu erindi okkar kveð ég,

f.h. Framfarafélags Ólafsfjarðar ehf.,


Ásgeir L. Ásgeirsson
stjórnarformaður.